

Ungir Píratar

22. mars 2021



Umsögn um þingmál 272 á 151. Löggjafarþingi „Kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur)“

Ungir Píratar eru fylgjandi lækkunar kosningaaldurs og telja aukna stjórnmalabátttöku ungs fólks mikilvægt verkefni.

Félagið leggur þó til að í stað 16 ára aldurs verði miðað við 15 ára kosningaaldur. Íslenskt samfélag og lagaumhverfi gera ráð fyrir að 15 ára ungmenni hafi þroska og skilning til að bera ábyrgð á gjörðum sínum, jafnvel fyrir dómi. Ungum Pírötum þykir sjálfsagt lýðræðis- og réttindamál að þau sem samfélagið getur refsað fyrir að brjóta reglur þess hafi rödd í mótun þeirra reglna. Kosningaaldur ætti því að vera samræmdur sakhæfisaldri.

Félagið bendir á að ungmenni, þar á meðal börn, hafi staðið að reglulegum og sögulegum loftslagsmótmælum. Gréta Thunberg, sem átti upphafið að þeim mótmælum, var 15 ára þegar hún hóf mótmælin og börn niður í grunnskólaaldur um allan heim hafa sameinast um málefnið. Þetta er hópur sem óneitanlega hefur vilja og getu til að hafa áhrif á stjórnálaumræðuna, hópur sem hefur sjónarhorn sem aðrir hafa ekki aðgang að. Það eru sjáanlegir áherslumunir í umsögnum frá félögum þar sem börn eru við stjórn og öðrum félögum, jafnvel félögum sem berjast fyrir málefnum barna. Nefna má umsögn félagsins Menntakerfið okkar við tillöguna að Menntastefnu 2020-2030, en félagið samanstendur af nemendum við Víðistaðaskóla og vakti umsögn þeirra talsverða athygli í fjölmiðlum. Að þessi hópur hafi vægi í almennum kosningum gæti tryggt þeirra sjónarmiðum greiðari aðgang að lýðræðislegum ferlum.

Þessi hópur hefur mikið fram að færa og á mikla hagsmuni í húfi. Ungir Píratar hvetja eindregið til að hann fái að hafa virka aðkomu að lýðræðinu.

Fyrir hönd Ungra Pírata,

Huginn Þór Jóhannsson, Formaður Ungra Pírata